

BORGARRÁÐ 9. mars 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þróun og rekstur borgarskjalasafns – PON23010028

Ítrekað hefur komið fram að Borgarskjalasafn hafi ekki fengið umbeðnar fjárveitingar til að þróa starfsemi safnsins áfram. Benda má á að heildarrekstrarkostnaður safnsins er innan við 200 milljónir króna á ári og launakostnaður undir 100 milljónum. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um eftirfarandi: A. Hvað veldur því að safnið hafi ekki getað þróast áfram? B. Af hverju var ekki séð til þess að safnið gæti haldið úti vefnum eins og önnur fyrirtæki/ starfsstaðir/einingar á vegum borgarinnar sem sinna beinni þjónustu við fólkið?
PON23010028